

6. gr.

Tilkynningu um tilkynningaskyldan sjúkdóm skal senda sóttvarnalækni án tafar. Afrit tilkynningar skal samtímis senda héraðslækni þess héraðs þar sem hinn sýkti dvelst. Sóttvarnalækni er heimilt að fela göngudeildum smitsjúkdóma, sbr. 1.-3. gr. reglugerðar nr. 131/1999 um göngudeildir vegna tilkynningaskyldra smitsjúkdóma og um undanþágu frá greiðsluhlutdeild sjúklinga, að halda skrá yfir tilkynningaskyld sjúkdómstílfelli.

Á eyðublaði skal m.a. koma fram:

1. Heiti sjúkdóms og greiningarnúmer samkvæmt alþjóðlegu sjúkdóma- og dánarmeina-skránni sem er gildandi.
2. Hvenær, hvernig og hvaða sjúkdómsgreining var staðfest.
3. Persónuauðkenni og kyn hins sýkta.
4. Í hvaða læknishéraði hinn sýkti býr, dvalarstaður.
5. Nafn tilkynnanda, læknisnúmer, vinnustaður, undirskrift og dagsetning tilkynningar.

Gildistaka.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stöð í 18. gr., sbr. 3. gr., sóttvarnalaga nr. 19/1997, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 12. febrúar 1999.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Guðríður Þorsteinsdóttir.

AUGLÝSING**um breytingu á gjaldskrá Rafveitu Akureyrar.**

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Rafveitu Akureyrar er taki gildi 1. mars 1999.

Gjaldskrá Rafveitu Akureyrar nr. 87 frá 1. janúar 1997 breytist þannig:

1. Taxi C1, rofin daghitun, orkugjald 3,00 kr./kWh.
Taxi C4, rofin iðnaðarhitun, orkugjald 3,00 kr./kWh.
2. Aðalheimtaug 125 A. verður 100 A.
3. Í kaflanum ýmis ákvæði fellur grein 2 út. Í staðinn kemur:

Heimilt er að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl hjá raforkunotendum, ef fassviksstuðull er að meðaltali lægri en 0,9 í tilteknum mánuði. Ef fassviksstuðull er lægri en 0,9 er Rafveitunni heimilt að krefjast 2% viðbótarorkugjalds fyrir hvern hundraðshluta sem fassviksstuðullinn er lægri en 0,9.

Iðnaðarráðuneytinu, 17. febrúar 1999.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Katrín Jóhannsdóttir.